

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Þriðjudaginn 30. apríl 2013 kl 10.15 kom stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga saman til fundar, fundurinn var haldinn með aðstoð síma.

Mætt voru Albertína F. Elíasdóttir, formaður, Ómar Már Jónsson, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson. Friðbjörg Matthíasdóttir boðaði forföll og ekki tókst að boða varamann í hennar stað. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

Dagskrá;

1. Fundargerð 10. apríl 2013.

Fundargerð 10. apríl 2013 lögð fram. Fundargerð hafði áður verið send í tölvupósti, engar athugasemdir komu fram. Fundargerð samþykkt.

2. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2012

Ársreikningur 2012 lagður fram að nýju samkvæmt ákvörðun stjórnarfundar 4. apríl s.l. Lögð fram tillaga að texta ársskýrslu og samantekt á deildum. Spurst fyrir um rekstarliði innan deilda.

Samþykkt tillaga að ársskýrslu stjórnar og staðfestir stjórn ársreikning fyrir árið 2012 með undirritun sinni og vísar ársreikningi til 58. Fjórðungshings Vestfirðinga.

Stjórn samþykkir einnig að gera að tillögu að skipan formanns fjármálanefndar Fjórðungshings Vestfirðinga og tveim væntanlegum þingfulltrúum til viðbótar, vísað verði til nefndarinnar að hefja yfirferð á fjárhagsgögnum sem lögð verða fyrir 58. Fjórðungshing Vestfirðinga.

3. Málefni Markaðsstofu Vestfjarða

a. Samkomulag Ferðamálasamtaka Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga um Markaðsstofu Vestfjarða

Formaður kynnti að aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða, sem haldinn var þann 20. apríl s.l., hefði samþykkt tillögu stjórnar samtakanna um samkomulag milli Ferðamálasamtaka Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga um Markaðsstofu Vestfjarða. Samþykkt aðalfundar Ferðamálasamtaka er samhljóða drögum að samkomulagi sem stjórn Fjórðungssambands samþykkti á fundi þann 13. mars s.l. Formaður gerir að tillögu að stjórn staðfesti samkomulagið. Tillagan samþykkt.



b. Skipan fulltrúa í ráðgjafaráð Markaðsstofu Vestfjarða.

Tekið fyrir að nýju skipan fulltrúa í ráðgjafaráð Markaðsstofu Vestfjarða frá fundi þann 10. apríl s.l.. Kynnt samþykkt stjórnar Ferðamálasamtaka Vestfjarða um sína þrjá fulltrúa, þeir eru; Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafirði, Harpa Eiríksdóttir, Reykhólum og Jón Þórðarson, Bíldudal.

Lögð fram tillaga að skipa Sigríði Kristjánsdóttur, Hnífsdal og Eyþór Jóvinsson, Flateyri sem fulltrúa Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tillagan samþykkt.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að gera drög að erindisbréfi ráðgjafahóps á grundvelli samkomulags Ferðamálasamtaka og Fjórðungssambands og boða til fyrsta fundar ráðgjafahóps.

4. Starfsmannamál

Starfsmannamál Markaðsstofu Vestfjarða. Rætt um fyrirkomulag verkefnistjórnar, starfssvið, og starfslýsingu á grundvelli samkomulags Ferðamálasamtaka og Fjórðungssambands. Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna afstöðu stjórnar á fyrsta fundi ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða.

Rætt um starfsmannamál almennt með tilliti til aukinna verkefna FV í framhaldi af samþykkt fjármögnunar verkefna Sóknaráætlunar landshluta og Water Trail sem er verkefni með stuðningi IPA verkefnasjóðs og með aðild Markaðsstofu Vestfjarða.

5. Kynnisferð til Noregs

Formaður vísaði til samþykktar stjórnarfundar 4. apríl s.l.. Framkvæmdastjóri kynnti að við eftirleitun við Íslandsstofu hefði komið fram að Íslandsstofa væri með til skoðunar kynnisferð til Noregs. Áhersla væri á að skoða möguleika í uppbyggingu á afleiddri þjónustu og störfum í stoðgreinum fiskeldis, en ekki fiskeldisstarfsemi sem slíka. Boðið yrði fyrirtækjum, atvinnuþróunarfélögum og sveitarfélögum en eftir er að kanna endanlega áhuga fyrir ferðinni. En ef af yrði, myndi slík ferð vera farin í september eða október n.k. og er Íslandsstofa reiðubúin til samstarfs við Fjórðungssamband um aðild að slíkri ferð, en er með fyrirvara um að koma að skipulagi kynningar á stjórnsýslu og skipulagsmála í Noregi.

Stjórn samþykkir að vera í samstarfi við Íslandsstofu og felur framkvæmdastjóra að vinna með Íslandsstofu. Jafnframt að leita til annarra aðila sem geta komið að kynningu á stjórnsýslu og skipulagsmálum í Noregi s.s. Samband íslenskra sveitarfélaga og EFTA vettvang landshlutasamtaka sveitarfélaga.



6. Önnur mál

a. Samþykktir Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að skipaður yrði starfshópur úr stjórn og varastjórn FV sem kæmi að vinnu með framkvæmdastjóra að endurskoðun á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tillagan samþykkt en starfshópur taki til starfa eftir fund stjórnar um stefnumörkun sambandsins.

b. Fundargerðir Menningaráðs Vestfjarða

Lagðar fram til kynningar fundargerðir Menningarráðs Vestfjarða, frá 15. apríl og 22. apríl s.l..

c. Erindi, árskýrslur o.f.l.

Lögð fram til kynningar eftirfarandi erindi til Fjórðungssambands Vestfirðinga

Dags:	Hver:	Hvað:
10/01/2013	Orkubú Vestfjarða	Umsögn-Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar
15/01/2013	Innanríkisráðuneytið Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Sundurliðun á framlagi til FSV vegna kostnaðar við vinnu verkefna á árinu 2012 v.samninga við ríkið og sóknaráætlunar landshluta.
25/01/2013	Súðavíkurhreppur	Tilnefning í starfshóp um Sóknaráætlun Vestfjarða
25/01/2013	Súðavíkurhreppur	Þátttaka í umhverfissvottun og skipan í framkvæmdaráð
21/01/2013	Vestri	Til leigutaka í Vestrahúsi
11/02/2013	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Fundargerð heilbrigðisnefndar 8. feb. 2013
14/02/2013	Samband íslenskra sveitarfélaga	XXVII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið 15.mars 2013.
13/03/2013	Háskólasetur Vestfjarða	Grunnleiga Leiðrétting leiðréttingar frá 20.12.12
04/04/2013	Innanríkisráðuneytið Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Bundin framlög 2013
08/04/2013	Starfsendurhæfing Vestfjarða	Boðun ársfundar Starfsendurhæfingar Vestfjarða
17/04/2013	Ferðamálasamtök Vestfjarða	Árgjöld Ferðamálasamtaka Vestfjarða 2013
17/04/2013	SEEDS-Sjálfbóðaliðar umhverfis landið	Kynningarbréf – Sjálfbóðaliðar umhverfis landið í sjö ár
12/04/2013	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Fundargerð heilbrigðisnefndar 12. apríl 2013
17/04/2013	Ferðamálasamtök Vestfjarða	Ársreikningur 2012
apríl 2013	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis 2012
23/04/2013	Starfsendurhæfing Vestfjarða	Ársfundur SEV á Hótel Ísafirði 23.04.2013 Dagskrá



23/04/2013	Starfsendurhæfing Vestfjarða	Ársskýrsla starfsárið 2012
23/04/2013	Starfsendurhæfing Vestfjarða	Ársreikningur 2012

Útsend erindi.

Dags:	Hver:	Hvað:
15/02/2013	Innanríkisráðuneytið Stýrinet sjónarráðsins um sóknaráætlanir landshluta	Skýrsla og tillögur um skiptingu fjárveitingar sóknaráætlunar landshluta, Sóknaráætlun Vestfjarða
25/02/2013	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Áfangaskýrsla vegna samnings við FV Samningur MMR við FV um verkefnið: Samstarf um veiðitengda nýsköpun - Botndýraveiðar, ný tækni

d. Samningar FV.

Lagt fram til kynningar samningar FV á grundvelli samþykktar stjórnar.

Dags.	Hver	Hvað
16/01/2013	Vegagerðin	Vegagerðin og FSV gera með sér samning um tilraunaverkefni til eflingar almenningsamgangna.
01/02/2013	Endurskoðun Vestfjarða	Ráðingarbréf um endurskoðun og tengda þjónustu
01/02/2013	Menningarráð og EV	Ráðingarbréf um endurskoðun og tengda þjónustu
22/03/2013	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Samningur um framkvæmd sóknaráætlunar FSV árið 2013
05/04/2013	Byggðastofnun	Samningur um atvinnu- og byggðapróun
01/04/2013	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Þjónustusamningur um starf á sviði atvinnuþróunar og þjónustu við sveitarfélög á starfssvæði sveitarfélaga með aðild að FV
03/04/2013	Landsbankinn hf., Bíla- og tækjafjármögnun	Kaupsamningur og afsal bifreiðar KZ- 018 áður skráð eign Menningarráðs Vestfjarða

e. Samþykkt að boða til næsta stjórnarfundar þriðjudaginn 28. maí n.k.. Fundurinn verði snertifundur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.45.

Aðalsteinn Óskarsson, ritari.